

Hestamannafélagið Jökull

Ársskýrsla

Árið 2023 fór af stað með krafti hjá félaginu. Tvö fyrirlestrarkvöld voru í upphafi árs. Á fyrra kvöldinu var fjallað um fóðrun á hrossum. Tanja Jóhannsdóttir dýralæknir og Einar Ásgeirsson fóðurfræðingur voru með þennan fyrirlestur og var hann virkilega fróðlegur fyrir fólk, sérstaklega það sem ber ábyrgð á hrossum og fóðrun þeirra. Hinn fyrirlesturinn var með Hermanni Árnasyni og var um hestaferðir og allt þeim tengt. Hermann er hokinn af reynslu og drukku gestir fyrirlestrarins í sig efnið og var mikil ánægja með Hermann.

Uppsveitadeildin fór af stað í febrúar en hún er fastur liður í vetrarstarfinu og í miklu uppáhaldi hjá mörgum fyrir sitt einstaka yfirbragð. Námskeið byrjuðu í byrjun febrúar og rúlluðu fram í maí og Vetrarmótin þrjú hófust einnig í febrúar.

Aðalfundurinn var haldinn 1. mars á Borg í Grímsnesi og var ágætlega sóttur. Kosið var um stöður gjaldkera, ritara og tveggja meðstjórnanda. Ólafur Gunnarsson var endurkjörinn sem gjaldkeri. Svavar Jón Bjarnason hætti sem ritari en tók stöðu meðstjórnanda. Vilborg Ástráðsdóttir tók stöðu ritara og hætti sem meðstjórnandi. Guðrún Karitas Snæbjörnsdóttir kom inn sem meðstjórnandi fyrir Vilborgu Hrund Jónsdóttur sem fór út úr stjórn. Vilborgu Hrund þökkum við fyrir góð störf.

Félagsgjaldið var hækkað úr 7500kr og uppí 8500kr. Gjaldið er þó mun lægra en hjá öðrum félögum sem við berum okkur saman við.

Páskatölt Jökuls var haldið í Reiðhöllinni um Páskana og tókst mjög vel. Uppsveitadeildin og Vetrarmótin kláruðust í apríl. Undirbúningur fyrir Gæðingamótið hófst í apríl, þar er í mörg horn að líta.

Félagið fór í að fá flottar úlpur sem félagsmönnum buðust. Það varð mjög vinsælt og sjást orðið víða.

Í maí var fyrsti félagsreiðtúr ársins. Farið var með Háfetamönnum í Þorlákshöfn. Riðið var frá Hafinu Bláa við Óseyrarbrú og sem leið lá fjöruna til Þorlákshafnar. Mjög vel heppnað og gaman að hitta nágretta okkar í Háfeta.

Í júní var annar félagsreiðtúr ársins. Þá var riðið út í Þjórsárdalnum. Mikið af fólki kom og er alveg frábært að ríða um Þjórsárdalinn.

Þriðji félagsreiðtúrin var í júlí og þá var riðið frá Hlaðinu í Hrepphólum og farinn góður hringur með Stóru-Laxá

Skeiðnámskeið var haldið í júlí og planið að gera meira af því.

## Gæðingamótið

Gæðingamótið var haldið venju samkvæmt helgina fyrir verslunarmannahelgi. Mótið var gríðarstórt og var stærsta gæðingamót ársins. 414 skráningar voru á mótið sem er algjört met. Félagsmenn leggjast á eitt að gera mótið að því glæsilega móti sem það er í sjálfboðavinnu og er það einstakt og þakkarvert. Frábært veður var allan tímann og fólk í sínu allra besta skapi.

Síðasti félagsreiðtúrinn tók 3-4 daga þegar riðið var frá Árnesi og á Vellina við Laugarvatn þar sem Vallamótið var haldið í ágúst. Þátttaka var ágæt.

Vallamótið sjálft er skemmtimót sem tókst mjög vel í einstakri veðursæld og töluðu þeir sem best þekktu til að met fjöldi hafi verið á svæðinu.

Í ágúst og september er verið að undirbúa vetrarstarfið og skerpa á línunum. Fríð er stutt og strax í September er vetrarstarfið byrjað. Í haust voru haustnámskeið fyrir fullorðna. Þann 28. Október var haldinn Haustfundur með stjórnunum og nefndum á vegum félagsins í Eyvindartungu við Laugarvatn og svo árshátíð um kvöldið í Félagsheimilinu á Flúðum. Heppnuðust báðir viðburðir vel og skemmti fólk sér vel á árshátíðinni.

Mesta viðurkenning á starfi félagsins var æskulýðsbíkar LH. Æskulýðsbíkarinn er æðsta viðurkenning sem er veitt æskulýðsstarfi í hestamennsku ár hvert og er stjórn virkilega stolt yfir því hvað æskulýðsnefnd hefur verið með öflugt og fjölbreytt starf.

Fyrir hönd stjórnar

- Bragi Viðar Gunnarsson, formaður